



# VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1460* 18. mars 2003  
*komudagur 22. 3. 2004*

## **Þingsályktunartillaga um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó (284. mál)**


Í bréfi dagsettu 11. mars er leitað umsagnar embættis veiðimalastjóra varðandi þingsályktunartillögu um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. Er þar lagt til, að slíkar rannsóknir verði framkvæmdar í samstarfi Veiðimalastofnunar og Hafrannsóknastofnunar.

Í byrjun er nauðsynlegt að leiðrétta meinlega villu, sem slæðst hefur inn í greinargerðina en þar segir að stofnun undir forsjá Orra Vigfússonar beri nafnið NASCO. Hið rétta er að samtök Orra bera heitið NASF (North Atlantic Salmon Fund) en NASCO (North Atlantic Salmon Conservation Organization) er heiti á alþjóða laxaverndarstofnuninni, sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1984 og gegndi lykilhlutverki við að stofna. Stofnunin, sem hefur aðsetur í Edinborg, Skotlandi, starfar mikið að verndun Atlantshafslaxins og hefur innan sinna vébanda öll lönd með laxveiðihagsmuni við norðanvert Atlantshaf. Núverandi fulltrúar Íslands hjá NASCO eru Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytis og Árni Ísaksson, veiðimalastjóri. Mun stofnunin halda ársfund sinn hér á landi í júní næstkomandi.

Undirritaður telur löngu tímabært að rannsaka afdrif laxa í sjó en slíkar rannsóknir eru mjög kostnaðarsamar, þar sem nauðsynlegt er að nýta til þess rannsóknaskip. Því er nauðsynlegt að hér sé um samstarfsverkefni að ræða milli Veiðimalastofnunar og Hafrannsóknastofnunar eins og lagt er til í tillögunni. Almennt er talið að slíkar rannsóknir séu vart á færi einstakra landa og heppilegast sé að vinna að þeim í fjölþjóða samstarfi. Því er æskilegt að haft sé náð samstarf við nágrannaþjóðirnar svo sem Norðmenn, sem komist hafa einna lengst í því að finna gönguleiðir laxa í hafinu. Laxaverndarstofnunin (NASCO) hefur haft vaxandi áhyggjur af hnignun laxastofna við norðanvert Atlantshaf, einkum þeirra er dvelja 2 ár í sjó. Innan NASCO er starfandi sérstök nefnd (sjá hjálagðan bækling), sem leitað hefur eftir rannsóknáætlunum aðildarlandanna varðandi sjávarrannsóknir á laxi og hyggst leitast við að samræma þetta starf að fenginni umsögn frá laxanefnd Alþjóða Hafrannsóknaráðsins (ICES). Heppilegast er að unnið sé að rannsóknáætlunum á slíkum alþjóðavettvangi til að samræma rannsóknirnar og koma þannig í veg fyrir kostnaðarsamar tvítekningar.

Lítið er vitað um orsakirnar fyrir hnignun laxastofna í sjó en líklega er þar um fjölpætt samspil að ræða. Innan NASCO hafa komið fram upplýsingar um vaxandi blóraveiði á laxi með aukinni notkun á flotvörpu við veiðar á síld, makríl og jafnvel fleiri uppsjávartegundum. Fjölgun sjávarspendýra getur einnig verið áhrifavaldur ásamt afráni þorskfiska á laxaseiðum og jafnvel breytingar á ætisskilyrðum í sjó. Tenging slíks verkefnis við fjölstofnarannsóknir eru því vissulega réttlætanager. Hinsvegar þarf að gæta þess að megináherslan í viðkomandi rannsóknum sé á afdrif laxins, sem oft vill falla í skuggann þegar aðrir nytjafiskar þjóðarinnar eiga í hlut.

Virðingarfyllt

  
Árni Ísaksson, veiðimalastjóri